

EFTIRLITSSKÝRSLA

Rio Tinto Alcan Straumsvík Hafnarfjörður



Dags eftirlits	26.6.2013	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Rio Tinto Alcan Straumsvík	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Straumsvík	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6804660179	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Jónsson	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Þóra Magnúsdóttir	Staðsetning	352084,248 397144,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar við starfsemina.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á almennri kynningu á fyrirtækinu þar sem að farið var yfir framleiðsluferilinn, helstu mengunarhættur og mengunarvarnarbúnað. Skipulagsbreytingar hafa átt sér stað hjá RioTinto Alcan og því verður Guðrúnu Þóru Magnúsdóttur bætt við sem tengilið, þar sem að hún gegnir nú starfi leiðtoga umhverfismála og rannsóknarstofu.

Engin frávik né athugasemdir voru gerðar í síðasta eftirliti. Endurskoðuð mæliáætlun barst UST 13. desember 2012 og er til skoðunar hjá UST. Rætt var um súralslöndun og endurnýjun/endurbætur á súralskrana. Fram kom að nýr krani hafi ekki verið samþykktur og ekki komin endanleg dagsetning hvenær ráðist verður í þá fjárfestingu. Ekki hafa borist neinar kvartanir um ryk við löndun frá síðasta eftirliti.

Öll gögn sem skila á samkvæmt starfsleyfi hefur verið skilað á réttum tíma. Grænt bókhald (sjálfbæriskýrsla) og útstremisbókhald barst UST 30. apríl 2013. Ársfjórðungsskýrsla fyrir IV ársfjórðung 2012 var skilað 5. febrúar 2013, og fyrir I. ársfjórðung 2013, 3. maí sl. Skýrsla um urðun úrgangs og spilliefna var skilað 21. febrúar 2013. Í öllum tilvikum voru niðurstöður mælinga innan þeirra losunarmarka sem kveðið er á um í starfsleyfi. Tillaga að umhverfisvöktunaráætlun var send UST 15. mars sl og er hún til skoðunar hjá UST. Farið var yfir gagnaskil í tengslum við REACH reglugerðina. RioTintoAlcan hefur skilað öllum þeim gögnum sem UST hefur kallað eftir.

Farið var yfir mæliáferðir, búnað, kvörðun og vöktun reykhreinsivirkjanna. Rætt var um tilkynningar um óvæntar stöðvanir reykhreinsivirkjanna og viðbrögð við þeim. Í einu tilviki sló þeim út í rúma klst vegna samskiptavillu sem varð þess valdandi að reykhreinsivirkni fór ekki sjálfvirk af stað. Unnið var að endurbótum samkvæmt aðgerðaráætlun. Í eftirlitsferðinni var farið í kerskála og síðan í reykhreinsivirki 3 þar sem að farið var yfir símælingar og vöktun og litið á súralsmötun og síuhúsið. Endurbætur á súralsmötun hafa bætt virkni eldri reykhreinsivirkjanna svo afkastageta þeirra er sambærileg þess nýja (reykhreinsivirki 3). RioTinto Alcan stefnir á að auka framleiðslu því er verið að vinna að endurbótum eldri reykhreinsivirkjanna. Í hvoru reykhreinsivirki fyrir sig mun einn strompur leysa þá tvo eldri af hólmi, en hann er auk þess hærri sem ætti að stuðla að betri dreifingu út í andrúmsloftið.

Rætt var um þrengri losunarmörk samhliða framleiðsluaukningu. Rætt var um að losunarmörkin tækju gildi að loknu fyrsta starfsári eftir stækkun. Straumhækkun á sér stað á þessu ári og er búist við að framleiðslan verði aukin upp í 205.000 tonn á þessu ári.

Breytingar standa einnig yfir í steypuskála. Þar er fyrirhugað að framleiða eingöngu bolta/sívalninga í stað barra. Eftir breytingarnar verður hætt að nota laxerolíu og þess í stað notuð sambærileg olía í mun minna magni en notkun á köldu vatni mun aftur á móti aukast. Búist er við að breytingunum muni ljúka á næsta ári. Búið er að rafvæða tvo ofna af fjórum.

Í eftirlitinu gengum við framhjá nýjum olíubirgðastöðvum með endurbættum lekavörnum. Rætt var um olíulekaslys sem átti sér stað 30. maí 2012. Um 200 L af olíu bárust í jarðveg en unnið var skv aðgerðaráætlun við úrbætur þess. Í kjölfarið var olíubirgðunum komið fyrir á öðrum bráðabirgðageymslustað með viðeigandi olíugildrum.

Að loknu eftirliti var samráðsfundur þar sem að farið var yfir mæliniðurstöður ársins 2012, umhverfisvöktun ofl. Efni fundarins var gert skil í sér fundargerð.

Reykjavík,

06.08.2013

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.